

Síðasta úthlutun úr Menningarborgarsjóði



Frá úthlutun úr Menningarborgarsjóði

Úthlutun úr Menningarborgarsjóði fór fram í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, þann 26. mars sl. og er það í fjórða sinn sem úthlutað er úr sjóðnum. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Þórólfur Árnason, borgarstjóri í Reykjavík, fluttu ávörp við athöfnina og Karólína Eiríksdóttir, formaður úthlutunarnefndar, gerði grein fyrir úthlutun ársins 2004. Að þessu sinni hlutu 50 verkefni styrk úr sjóðnum og eru verkefnin afar fjölbreytt, á fjölmörgum sviðum menningarlífsins, alls staðar að af landinu.

Menntamálaráðherra og borgarstjóri stofnuðu sjóðinn í ársbyrjun 2001 í framhaldi af menningarborgarárinu 2000 og fólu Listahátíð í Reykjavík umsýslu hans. Við stofnun sjóðsins lagði M2000 til fé af rekstrarhagnaði og menntamálaráðuneytið og

Reykjavíkurborg lögðu til viðbótarfé. Nú voru til úthlutar samtals 26,6 milljónir króna. Í ræðu sinni við úthlutunina sagði menntamálaráðherra m.a. „Þrátt fyrir það að Menningarborgarsjóður sé nú allur hefur hann skipt miklu í menningarlífi landsmanna þau ár sem hann hefur verið starfræktur. Sjóðurinn hefur nú úthlutað alls 108,6 milljónum króna til afar fjölbreytilegra verkefna um land allt og úthlutanir hans skipt sköpum fyrir marga þá sem vinna að fjölbreytilegu menningarlífi um land allt. Það er því á ábyrgð okkar að sjá til þess áfram verði kraftur í nýsköpun í menningarmálum og menningartengdri ferðaþjónustu. Ég ætla mér því að ræða við félagi mína í ríkisstjórn og aðra eins og Samband íslenskra sveitarfélaga og Byggðastofnun auk atvinnulífsins um auknið samstarf í þessum málum, ekki síst til að auka fjölbreytni í atvinnulífi um land allt.“

Stórhuga hugmyndir líta dagsins ljós

Í skilgreiningu á verkefnum felst að hvatt er til samstarfs á ýmsum sviðum á milli ólíkra aðila alls staðar á landinu. Sveitarfélög, stofnanir á sviði lista og menningar, listamenn, fræðimenn og fjölmargir aðrir hafa unnið saman að mikilvægum verkefnum á sviði menningar og lista. Stórhuga hugmyndir hafa lítið dagsins ljós og margvísleg verkefni hafa orðið til, mörg hver þeirrar gerðar og af þeirri stærðargráðu að þau hefðu varla orðið að veruleika án tilkomu Menningarborgarsjóðs og þeirrar hugmyndafræðingar sem hann byggist á, að sameina krafta; krafta ríkis og borgar og í kjölfarið krafta sveitarfélaga, stofnana og einstaklinga.

Fimm manna úthlutunarnefnd velur verkefni, en hana skipa: Karólína Eiríksdóttir, tónskáld, formaður, Karitas H. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, varaformaður, Signý Pálsdóttir, menningarmálastjóri Reykjavíkur, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og Örnólfur Thorsson, íslenskufraeðingur.

Við úthlutunina í Listasafni Kópavogs gerðu tveir styrkhafar grein fyrir verkefnum sínum, Kjartan Ragnarsson f.h. verkefnisins Landnámssetur Íslands og Borgarbyggð, Egilssaga sýnileg og Unnur Jökulsdóttir og Sigurgeir Sigurjónsson f.h. verkefnisins Íslendingar, sýning á Ingólfstorgi á ljósmyndum Sigurgeirs Sigurjónssonar af Íslendingum og Íslensku landslagi. Kolbeinn Bjarnason, félagi í Caput, sem einnig var meðal styrkhafa, sá um tónlistarflutning.



F.v. Stefánía Karlsdóttir, THÍ, Ólafur Proppé, KHÍ, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og Þorsteinn Gunnarsson, HA.

Samningar um kennslu og rannsóknir

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og rektorar Kennaraháskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Tækniháskóla Íslands, undirrituðu þann 29. mars sl. samninga um kennslu og rannsóknir við skólana. Í samningunum birtist stefna stjórnvalda í málefnum háskólanna og skýrð eru hlutverk þeirra í rannsóknum. Gert er ráð fyrir að skólarnir geri hver um sig fimm ára áætlun um starfsemi sína sem taki m.a. hliðsjón af stefnu ríkisstjórnarinnar um

árangursstjórnun í ríkisrekstri. Í samningunum er fjallað um fjárveitingar til kennslu og skýrt er hvernig uppgjör á nemendatölum skuli fara fram. Gæðamál skólanna eru í brennidepli og lögð er sú skylda á skólana að þeir þrói áfram og styrki gæðamál sín vegna kennslu, m.a. til að bæta þjónustu við nemendur. Menntamálaráðuneyti mun hins vegar gera áætlun um ytri gæðaúttektir á starfsemi skólanna til allt að þriggja ára. Þær prófgráður sem skólarnir bjóða upp á, og greitt er fyrir skv. samningi, koma fram í viðauka samningsins.

Opnaði sýningu í Skaftelli

Menntamálaráðherra opnaði sýningu myndlistarnema við Listaháskóla Íslands í Skaftelli á Seyðisfirði þann 27. mars sl. Sýningin er afrakstur tveggja vikna vinnu þeirra þar sem Seyðisfjörður allur var vinnustofan. Þetta er fjórða árið í röð sem útskriftarnemar í LHÍ halda til Seyðisfjarðar og starfa þar undir handleiðslu Björns Roths og í samvinnu við handverksmenn í bænum og fyrirtæki. Í máli menntamálaráðherra við opnunina kom m.a. fram að þarna væri að finna mjög gott dæmi um að það væri ekki einungis lyftistöng fyrir bæjarfélög utan Reykjavíkur að fá til sín hluta af starfsemi háskólanna heldur ekki síður að bæjarfélög á borð við Seyðisfjörð hefðu mikið fram að færa er nýttist háskólunum og nemendum þeirra.



Gestir sýningar myndlistarnema í Skaftelli virða fyrir sér eitt verkanna

